

Fimmtudaginn 5. júlí 1984.

Nr. 6/1984. **Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Stéttarfélagi sjúkraþjálfara

(Guðríður Þorsteinsdóttir hdl.).

Stéttarfélög. Sjúkraþjálfarar.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Árni Guðjónsson og Hafsteinn Baldvinsson.

Málið, sem tekið var til dóms 3. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, birtri 25. júní 1984.

Stefnandi málsins er Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Háaleitisbraut 11-13, Reykjavík.

Stefndi er Stéttarfélag sjúkraþjálfara, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að dæmt verði, að Stéttarfélag sjúkraþjálfara sé ekki stéttarfélag í skilningi laga nr. 80/1938 og því ekki lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör félagsmanna sinna. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að kröfum stefnanda verði hafnað og viðurkennt verði, að Stéttarfélag sjúkraþjálfara sé stéttarfélag í skilningi laga nr. 80/1938 og því lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör félagsmanna sinna. Jafnframt er þess krafist, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Samkomulag er með aðilum að leggja ágreiningsefni þetta fyrir Félagsdóm.

I.

Af hálfu stefnanda er svo frá skýrt, að stefnandi hafi um árabíl rekið endurhæfingarstöð að Háaleitisbraut 11-13 í Reykjavík. Að jafnaði hafi verið þar starfandi 10 - 12 sjúkraþjálfarar, sem hafi verið starfsmenn stefnanda og á launaskrá hjá þeirri stofnun. Stefnandi sé sjálfseignarstofnun og sjálfstætt félag sem slíkt, heyri ekki undir ríkisvald og sé ekki tengt atvinnurekendasamböndum. Frá 1. mars 1984 hafi stefnandi og sjúkraþjálfarar í þjónustu stefnanda

átt í kjaradeilu. Fyrir þann tíma hafi um kaup og kjör þessara sjúkraþjálfara gilt aðalkjarasamningur Bandalags háskólamanna (BHM) og fjármálaráðherra með gildistíma frá 1. mars 1982 til 29. febrúar 1984, sérkjarasamningur Félags íslenskra sjúkraþjálfara (FÍSP) og fjármálaráðherra og sérkjarasamningur stefnanda og sjúkraþjálfara í þjónustu stefnanda, dagsettur 30. apríl 1982.

Sjúkraþjálfarar í þjónustu stefnanda muni allir vera félagar í Félagi íslenskra sjúkraþjálfara í Reykjavík. Það félag sé síðan aðili að Bandalagi háskólamanna, en launamálaráð þess semji við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Þann 30. mars 1984 hafi launamálaráð ríkisstarfsmanna innan BHM þannig samið við fjármálaráðherra um nýjan aðalkjarasamning, m.a. fyrir sjúkraþjálfara í þjónustu ríkisins.

Þann 22. febrúar 1984 hafi sjúkraþjálfarar í þjónustu stefnanda ritað stefnanda bréf með kröfu um breyttan kjarasamning. Enn aðrar kröfur hafi þeir sett fram 5. apríl 1984, en einmitt þann sama dag hafi þeir stofnað Stéttarfélag sjúkraþjálfara, og hafi síðastgreindu kröfurnar verið settar fram í nafni hins nýja félags. Samkomulag hafi ekki náðst milli aðila, og hafi deiluefninu verið vísað til ríkissáttasemjara. Þar hafi ekki heldur komist á samkomulag. Hið nýja félag, Stéttarfélag sjúkraþjálfara, stefndi í málinu, hafi síðan boðað til verfalls, sem staðið hafi dagana 28. til 30. maí 1984. Aftur hafi félagið boðað til verfalls frá og með 4. júní sl. en því hafi verið aflýst, áður en það kom til framkvæmda, og ákveðið að leita úrskurðar Félagsdóms um lögmæti hins nýja félags sem stéttarfélags í skilningi laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Málsástæður af hálfu stefnanda eru fyrst og fremst þær, að hið stefnda félag sé ekki stéttarfélag í skilningi laga nr. 80/1938. Í 2. gr. nefndra laga sé kveðið svo á, að stéttarfélög skuli opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu eftir nánar ákveðnum reglum í samþykktum félaganna. Félagar stefnda séu einungis sjúkraþjálfarar í þjónustu stefnanda, en sjúkraþjálfarar hjá öðrum sambærilegum stofnunum séu þar ekki félagar. Þeir fyrrnefndu séu allir félagar í Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, sem teljast verði stéttarfélag sjúkraþjálfara í Reykjavík. Lögheimili þess félags sé samkvæmt samþykktum þess í Reykjavík, og samkvæmt 13. gr. samþykktanna fari félagið með kaupkröfumál félagsmanna sinna. Það sé álit fyrirsvarsmanna stefnanda, að stofnun hins nýja félags hafi

verið málamyndagerningur til að reyna að komast undan ákvæðum laga nr. 80/1938. Ágreiningsmál þetta snúist um túlkun hugtaksins stéttarfélag í skilningi nefndra laga. Því sé hins vegar ekki haldið fram, að hið nýja félag sé ólöglegt sem slíkt. Það geti aftur á móti ekki talist stéttarfélag og geti þar af leiðandi ekki að óbreyttu talist samningsaðili um kaup og kjör. Afstaða stefnda stríði enn fremur gegn anda laganna um stéttarfélög og vinnudeilur að því leyti, að lögin geri beinlínis ráð fyrir því, að starfsstéttir sameinist um kjaramál sín í félögum, sem í það minnsta séu bundin við eitt lögsagnarumdæmi. Með lögunum sé með öðrum orðum bannað að mynda stéttarfélög, sem takmarkist af einum vinnustað. Ljóst sé, að félagar í hinu stefnda félagi séu einungis stafsmenn hjá stefnanda. Til séu fleiri stofnanir í Reykjavík sambærilegar við stefnanda, þar sem sjúkrapjálfarar vinni, t.d. Sjálfsbjörg. Sjúkrapjálfarar í Reykjavík séu allir í Félagi íslenskra sjúkrapjálfara. Eðlilegt verði að teljast, að það félag samræmi og sjái um kjaramál félaga sinna. Óeðlilegt sé, að kjaramálum verði skipt upp eftir vinnustöðum, enda brjóti það í bága við lög nr. 80/1938.

Á það er bent, að sjúkrapjálfarar í þjónustu stefnanda séu ekki ríkisstarfsmenn. Engu að síður greiði þeir í lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna, og stefnandi hafi t.d. greitt í orlofssjóð BHM fyrir þá. Enn fremur sé ljóst, að fram til 1. mars 1984 hafi aðalkjarasamningur BHM við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verið grundvöllur kjarasamnings sjúkrapjálfara hjá stefnanda og stefnanda sjálfs.

Af hálfu stefnanda er á það lögð áhersla, að Stéttarfélag sjúkrapjálfara sé í reynd vinnustaðarfélag og öðrum sjúkrapjálfurum hafi ekki verið gefinn kostur á að gerast stofnendur félagsins. Auk þess séu lög félagsins mjög ófullkomin.

II.

Af hálfu stefnda er skýrt svo frá, að fram til ársins 1982 hafi ekki verið um að ræða neinn skriflegan samning milli stefnanda og sjúkrapjálfara í þjónustu hans. Hinn 30. apríl 1982 hafi verið gerður sérkjarasamningur milli stefnanda og sjúkrapjálfara í þjónustu hans. Samningur sá hafi verið undirritaður af þremur sjúkrapjálfurum við æfingastöðina f.h. hópsins. Þessi samningur hafi gilt samkvæmt ákvæðum sínum til 28. febrúar 1984. Hinn 22. febrúar 1984 hafi sjúkrapjálfarar í þjónustu stefnanda sent stjórn stefnanda kröfur um nýjan samning. Nokkrir fundir hafi verið haldnir, en engin

svör fengist við kröfum hópsins fyrr en 4. apríl 1984, en þá hafi borist skriflegt svar frá stefnanda, þar sem öllum kröfum sjúkraþjálfaranna hafi verið hafnaði.

Sjúkraþjálfarar við æfingastöð stefnanda hafi þá séð fram á, að samningsstaða þeirra væri mjög veik, þar sem aðeins væri um að ræða hóp einstaklinga, en ekkert lögformlegt félag, sem samið gæti fyrir sjúkraþjálfara við æfingastöðina og aðra sjúkraþjálfara á almennum vinnumarkaði. Stofnfundur hafi síðan verið haldinn 5. apríl 1984. Samkvæmt lögum félagsins nái það til Reykjavíkursvæðisins og sé það opið öllum sjúkraþjálfurum, sem ekki starfa hjá ríki eða sveitarfélögum, enda fari um samninga þeirra eftir sérstökum lögum og samningsumboð félagsins geti því ekki tekið til þeirra.

Hinn 18. maí 1984 hafi stefnandi ritað BHM bréf, þar sem þess hafi verið óskað, að stefnandi fengi að gerast aðili að aðalkjarsamningi, er launamálaráð BHM hafði gert við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Bréfi þessu hafi formaður BHM svarað 5. júní 1984 með tilvísun í umsögn launamálaráðs, en í ályktun þess stóð m.a.:

„Stjórn launamálaráðs telur sig ekki geta fallist á framangreint erindi þegar af þeirri ástæðu, að framangreindir starfsmenn eru ekki aðilar að launamálaráði ríkisstarfsmanna innan BHM og getur launamálaráð því ekki farið með samningsumboð fyrir þá.“

Stefnandi hafi einnig hinn 18. maí 1984 ritað Félagi íslenskra sjúkraþjálfara bréf með ósk um, að stefnandi gerðist aðili að þeim sérkjarasamningi, er Félag íslenskra sjúkraþjálfara gerði hinn 2. apríl 1984 við fjármálaráðherra. Í svarbréfi stjórnar félagsins hafi m.a. verið tekið fram:

„Þann 5. apríl 1984 var stofnað Stéttarfélag sjúkraþjálfara. Starfssvæði þess er Reykjavíkurmúðæmi. Þar sem sjúkraþjálfarar við Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra eru félagar í því félagi mun það sjá um samningagerð fyrir hönd sjúkraþjálfara við stjórn Styrktarfélagsins.“

Málsástæður af hálfu stefnda eru í fyrsta lagi þær, að samkvæmt 1. gr. laga nr. 80/1938 eigi menn rétt á að stofna stéttarfélag til að vinna að sameiginlegum hagsmunum launtaka, en um ríkisstarfsmenn og starfsmenn bæjar- og sveitarfélaga gildi þó sérstök lög. Aðilar séu sammála um, að félagar í Stéttarfélagi sjúkraþjálfara séu

ekki ríkisstarfsmenn. Réttur þeirra til þess að stofna stéttarfélag sé því ótvíræður. Félagið sé opið öllum sjúkraþjálfurum á félagssvæðinu öðrum en þeim, sem starfa hjá ríki eða sveitarfélögum, enda gildi sérstök lög um samninga þeirra, og samningsumboð félagsins geti því aldrei náð til þeirra, sbr. lög nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, lög nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og reglugerð nr. 236/1976. Stéttarfélag sjúkraþjálfara sé því lögformlegur samningsaðili skv. 5. grein laga nr. 80/1938, enda hafi félagið ákveðið að láta starfsemi sína taka til samninga um kaup og kjör félagsmanna sinna. Stéttarfélag sjúkraþjálfara uppfylli því öll skilyrði laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur, en ekki séu sett önnur skilyrði fyrir því, að félag geti talist stéttarfélag í skilningi laganna en þau, sem þar eru talin.

Af hálfu stefnanda sé réttilega á það bent, að allir félagar í Stéttarfélagi sjúkraþjálfara séu starfsmenn æfingastöðvar stefnanda. Þótt stofnendur félagsins séu sjúkraþjálfarar, sem starfa hjá stefnanda, sé félagið opið öllum sjúkraþjálfurum á félagssvæðinu og gert sé ráð fyrir því, að þeir muni ganga í félagið. Félagið sé því ekki vinnustaðarfélag. Í því sambandi megi benda á, að ekki hafi verið talið, að það svipti félag einkennum sínum sem stéttarfélags, þótt það hafi ekki afskipti af málefnum allra í viðkomandi starfsgrein á félagssvæðinu, sbr. dóm Félagsdóms 1939, bls. 14. Stefnandi bendi á, að félagar í Stéttarfélagi sjúkraþjálfara séu allir í Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, sem hann virðist telja, að sé stéttarfélag í skilningi vinnulöggjafarinnar. Félag íslenskra sjúkraþjálfara sé eitt af aðildarfélögum Bandalags háskólamanna og eins og í öðrum félögum innan BHM byggist aðild að félaginu á tiltekinni menntun og eigi allir, sem uppfylla menntunarskiptin, rétt á aðild, hvort sem þeir eru atvinnurekendur eða launþegar og hvort sem þeir starfa hjá ríki eða á almennum vinnumarkaði. Samkvæmt upplýsingum formanns FÍSP skiptist félagsmenn í félaginu nú þannig: Ríkisstarfsmenn eru 18, starfsmenn sveitarfélaga 30, atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi, 9 og starfsmenn á almennum vinnumarkaði 38. FÍSP sé að þessu leyti algerlega hliðstætt öðrum félögum í BHM, svo sem Verkfræðingafélagi Íslands og Lögfræðingafélagi Íslands. Ekki sé vitað til, að því hafi nokkurn tíma verið haldið fram, að þau félög væru stéttarfélag í skilningi laga nr. 80/1938 um stéttar-

félög og vinnudeilur. Verkfræðingar, sem starfa á almennum vinnumarkaði, hafi hins vegar stofnað Stéttarfélag verkfræðinga og sé það viðurkennt sem lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör félagsmanna sinna samkvæmt lögum nr. 80/1938. Tæknifræðingar, arkitektar og lyfjafræðingar á almennum vinnumarkaði hafi sömuleiðis stofnað stéttarfélag, sem semji um kaup og kjör félagsmanna sinna. Félagsmenn allra þessara stéttarféлага séu jafnframt félagar í sínum fagfélögum, sem öll eigi aðild að BHM. Félag íslenskra sjúkraþjálfara sé að vísu í 2. gr. laga félagsins kallað stéttarfélag. Ljóst sé þó, að hér sé orðið notað í víðari merkingu, þ.e. merkingunni félag, sem hafi innan sinna vébanda sérstaka stétt manna, og geti stéttarfélag í þessari víðu merkingu eins átt við félag atvinnurekenda, en ekki í hinni þröngu merkingu, sem orðið hefur í lögum nr. 80/1938. Sem dæmi um víðtækari merkingu orðsins megi t.d. nefna, að félag lögfræðinga, sem starfa hjá ríkinu, heiti Stéttarfélag lögfræðinga í ríkisþjónustu. Það starfi samkvæmt lögum nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, en sé ekki stéttarfélag í skilningi laga nr. 80/1938 og njóti t.d. ekki verkfallsréttar. Þá megi einnig benda á, að Félag íslenskra sjúkraþjálfara hafi aldrei starfað samkvæmt lögum nr. 80/1938. Það hafi t.d. aldrei lagt fram kröfugerð f.h. félagsmanna sinna á almennum vinnumarkaði, enda aldrei litið svo á, að það væri lögformlegur samningsaðili á almennum vinnumarkaði eða hefði verkfallsrétt samkvæmt lögum nr. 80/1938. Eins og stefnandi bendi á, segi að vísu í 13. gr. laga FÍSP, að stjórn félagsins skuli semja um kaup-taxta félagsmanna. Hér muni vera átt við gjaldskrá fyrir sjúkraþjálfara, sem reka eigin stofur, en félagið hafi samið við Tryggingastofnun ríkisins og Sjúkrasamlag Reykjavíkur um gjaldskrá sjúkraþjálfara. Þessi galdsskrá sé gerð fyrir atvinnurekendur í hópi sjúkraþjálfara og aðra, sem hafi sjúkraþjálfara í vinnu svo sem stefnandi. Stefnandi fái greiðslur frá ríkinu samkvæmt þessari gjaldskrá, og á þeim greiðslum byggji stefnandi rekstur sinn. Með þessum samningum sé FÍSP því m.a. að gæta hagsmuna stefnanda.

Þá er á það bent af hálfu stefnda, að í 1. grein laga nr. 80/1938 eða öðrum greinum laganna séu engar takmarkanir settar við því, að stofnuð séu fleiri en eitt stéttarfélag í sömu starfsgrein á sama félagssvæði, og hafi verið talið, að þessi réttur sé svo almennur og fortakslaus, að það hefði þurft að koma skýrt fram í lögum,

ef það hefði verið tilgangur löggjafans að takmarka tölu stéttarféлага á hverjum stað (Fd.I,29). Einnig hafi verið talið, að ákvæði 2. gr. vinnulöggjafarinnar um, að stéttarfélög skuli vera opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein, gildi, hvort sem eitt eða fleiri stéttarfélög séu í sömu starfsgrein í sama sveitarfélagi (Fd.I,26). Samkvæmt framansögðu eigi menn rétt á að vera í fleiri en einu stéttarfélagi. Stéttarfélag sjúkraþjálfara sé því löglegt stéttarfélag í skilningi vinnulöggjafarinnar, jafnvel þótt talið yrði, að Félag íslenskra sjúkraþjálfara væri stéttarfélag sjúkraþjálfara í Reykjavík, og eins, þótt félagar í Stéttarfélagi sjúkraþjálfara séu félagar í því.

III.

Álit dómsins:

Í 2. gr. laga nr. 80/1938 segir, að stéttarfélög skuli opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu, eftir nánar ákveðnum reglum í samþykktum félaganna.

Við hinn munnlega málf lutning var því lýst yfir af hálfu stefnda, að stofnun félagsins hefði ekki verið auglýst opinberlega og sjúkraþjálfurum utan starfsstöðvar stefnanda, sem rétt áttu á félagsaðild, hefði ekki heldur verið gefinn kostur á með öðrum hætti að taka þátt í stofnun félagsins og mótun laga þess.

Þegar þetta er virt svo og það, að lög Stéttarfélags sjúkraþjálfara þykja ekki hafa að geyma nægjanlega fastmótaðar reglur um innra skipulag félagsins, verður að fallast á það með stefnanda, að Stéttarfélag sjúkraþjálfara hafi ekki, eins og að málum var staðið, verið löglega stofnað sem stéttarfélag í skilningi laga nr. 80/1938 og geti því ekki verið lögformlegur sammingsaðili um kaup og kjör félagsmanna sinna.

Samkvæmt framanskraðu ber að hafna kröfum stefnda í málinu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stéttarfélag sjúkraþjálfara er ekki stéttarfélag í skilningi laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, og félagið er því ekki lögformlegur sammingsaðili um kaup og kjör félagsmanna sinna.

Málskostnaður fellur niður.